

Reykjavík, 30. október, 2016.

Berist til nefndarsviðs Alþingis,

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Umhverfisstofnun (674. mál 145. löggjafarþings 2015-2016). Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur barst frumvarpið til umsagnar. Þess má geta að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendir sér umsögn.

Því er fagnað að fram sé komið frumvarp til laga um Umhverfisstofnun þar sem samþætt er á heildstæðan hátt í einni löggjöf hvert hlutverk stofnunarinnar er. Þessar upplýsingar eru ekki nægjanlega vel til staðar í gildandi löggjöf um stofnunina, heldur dreifðar í aðra lagabálka er varða þau margvíslegu umhverfismál sem stofnunin sinnir. Afar mikilvægt er fyrir samstarfsaðila Umhverfisstofnunar að hægt sé að nálgast í einni löggjöf á skýran og skilmerkilegan hátt hvaða verkefnum stofnunin sinnir og hver ábyrgð hennar er. Þetta einfaldar allt samstarf og samskipti og tryggir jafnframt eftirlit og aðhald með starfi stofnunarinnar.

Viðfangsefni Umhverfisstofnunar eru mörg og fjölbreytt eins og kemur fram í frumvarpinu og spanna allt svið umhverfismála allt frá náttúruvernd til mengunarvarna, loftslagsmála til veiðistjórnunar. Eðli starfseminnar er einnig fjölbreytt svo sem eftirlit, leyfisveitingar, stefnumótun, áætlanagerð, umsjón og uppbygging innviða á verndarsvæðum og síðast en ekki síst upplýsingamiðlun. Starfsemi Umhverfisstofnunar fylgir ákvæðum fjölmargra sérlaga, og þar sem mörg þeirra laga eru í endurskoðun eða hafa nýlega tekið breytingum eru breytingar á starfsemi stofnunarinnar tíðar.

Samstarf Umhverfisstofnunar við sveitarfélögin er mikið og margþætt og skilvirkni þess forsenda þess að árangur náist í ýmsum verkefnum. Því er nauðsynlegt að Umhverfisstofnun hafi burði til að sinna á stöðugan hátt öllum þeim lögbundnu verkefnum sem tilgreind eru í frumvarpinu, með tilheyrandi fjárstuðningi, fagþekkingu og mannafla. Nokkuð hefur borið á því að stofnunin eigi erfitt með eða jafnvel ráði ekki við að sinna ákveðnum verkefnum nægjanlega vel til að uppfylla markmið í lögum, og má það að hluta rekja til skorts á fjárstuðningi við þau verkefni. Má þar nefna að mikið hefur verið skorið niður í málefnum náttúruverndar sem hefur m.a. leitt til þess að nýjum friðlýsingum hefur verið frestað undanfarin ár þrátt fyrir áhuga og stuðning hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þá hefur stofnunin einnig þurft að reiða sig á styrkveitingar til að sinna lögbundnu eftirliti á verndarsvæðum og þjónustu landvarða þrátt fyrir sífellt vaxandi þörf vegna aukins ferðamannastraums. Á síðustu árum hefur verið gripið til þess ráðs að fjölga þjónustusamningum við sveitarfélög varðandi umsjón friðlýstra svæða og gerði Reykjavíkurborg m.a. þrjá slíka samninga nýverið. Samhliða því voru unnar verndaráætlanir fyrir svæðin og voru þær unnar í nánú samstarfi milli Umhverfisstofnunar og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Lögum samkvæmt er það hlutverk Umhverfisstofnunar að vinna slíkar verndaráætlanir en ljóst er að fremur hægt hefur gengið hjá stofnunninni að vinna slíkar áætlanir síðustu misseri og ljóst að nánú samvinna við sveitarfélögin flýtir mjög fyrir slíkri vinnu. Velta má fyrir sér hvort grundvöllur sé fyrir því að styrkja enn fremur samvinnu og/eða auka verkaskiptingu milli sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar þegar kemur að ýmsum verkefnum umhverfismála til að tryggja betri árangur. Sér umhverfis- og skipulagssvið ýmis tækifæri í því. Skoða má betur í frumvarpinu hvort ástæða er til að festa slíkt betur í sessi. Þó ber að athuga að sveitarfélög eru misvel í stakk búinn fyrir slíkt.

Skilvirk starfsemi Umhverfisstofnunar er ekki einungis háð öruggu fjármagni og styrkum mannafla heldur að rammi laga helstu málaflokka sé skýr og skilmerkilega útfærður í reglugerðir og verklag. Að

mati umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur hefur oft of hægt gengið að klára endurskoðun lykillagabálka og/eða vinnu við gerð og innleiðingu reglugerða. Má því segja að sumir málaflokkar hafi verið í ákveðinni biðstöðu með tilheyrandi óvissu um ákvarðanatöku og framkvæmd ýmissa verkefna. Til dæmis má nefna að enn er beðið reglugerðar um vöktun og mælingar á hafinu sem lykilverkfæri við framfylgd laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Nauðsynlegt er að mati umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur að gera betur og hraða vinnu við gerð og innleiðingu lagaramma og regluverks á sviði umhverfismála, ekki einungis til að starfsumhverfi Umhverfisstofnunar sé tryggara í sessi heldur vettvangur umhverfismála á landinu almennt.

Ekki eru gerðar sértækar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri, skrifstofu umhverfisgæða.